



**Stjórnarfundur FKA #3 - fundargerð
Starfsár 2022 - 2023**

**Staður: B35
Dagsetning: 10.08.2022
Tími: 12:00 – 13.30**

Mættar:

- Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR)
- Elfur Logadóttir (EL)
- Guðrún Gunnarsdóttir (GG)
- Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ) - Ritari fundargerðar í stað Dóru Eyland
- Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), gjaldkeri
- Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), formaður FKA
- Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB)
- Andrea Róbertsdóttir (AR) framkvæmdastjóri FKA

Forföll boðuðu Dóra Eyland (DE), ritari og Unnur Elva Arnardóttir (UEA), varaformaður. Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB) og Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ) voru því báðar atkvæðabærar sem varakonur í þeirra stað.

Dagskrá fundarins var eins og merktir liðir bera með sér.

12:00 - 12:10	1	Opnun – hvernig hefur þú það? -
12:10 – 12:20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – (AR) - - Farið var yfir stöðuna, boltinn farinn að rúlla á landsbyggð. Fjármálin standa vel. Fundur með SA færður í næstu viku. - PR mál farinn að flæða, undirbúningur fyrir Landsbyggðarráðsstefnu hafinn. - Vanskil og innheimta: áminning verður send á næstu dögum. - Tillaga frá Elfi að hringja í konur undir formerkjum Erindrekaverkefnis til að hvetja þær til greiðslu félagsgjalda eða fá betri upplýsingar um hvað má betur fara - 40% afsláttur heldur áfram til kvenna sem eiga lítil og miðlungs fyrirtæki eða amk fara fyrir helmingi eignarhluta - Farið yfir viðburði vetrarins - Kynsegin fólk og FKA var rætt og var stjórn sammála að taka þyrfti afstöðu til þeirra mála. Málefnið var vísað til stefnumótunarvinnu vetrarins en gjaldgengar konur í FKA eru þær sem eru skráðar sem slíkar í Þjóðskrá.
12:20 – 12:40	3	Samræmingardagur 17. ágúst – deildir og nefndir (SHP) - Kynning á starfi FKA (AR) - Kynning á viðburðum stjórnar (SHP/UEA) - Áherslur vetrarins
12:40 – 13:10	4	Verkefni stjórnar– feitiletrað á dagskrá , annað bíður a. Opnunarviðburður FKA verður haldinn fimmtudaginn 8. September. Viðburðurinn er í umsjá allra stjórnarkvenna og verður staðsetning og framkvæmd tilkynnt þegar nær dregur. b. Landsbyggðaráðstefna verður haldin á Akureyri föstudaginn 23. September kl 16:00. Verið er að vinna dagskrárdrög - ÍÓÓ

		c. Nýliðamóttökur eru áætlaðar annars vegar 6. október nk og hins vegar 12. Janúar 2023. Fræðslunefnd hefur umsjón með móttökunum og eru til kynningar frá fyrri árum til að styðjast við – SHP, UEA d. Jafnvægisvog FKA 2022 verður 12. Október. GG kallar eftir gögnum og henni beint á Thelmu og spjall með AR - UEA, GG e. Fjölmiðlaverkefni er áætlað í nóvember. Umræður voru innan stjórnar um að íhuga vel hvernig efnistöð ættu að vera í verkefninu að þessu sinni - ERR, ÍÓÓ f. Alþjóðatengsl– nokkuð er af fyrirsögunum til félagsins og verður þeim beint áfram til nefnda, Alþjóðanefnd, Viðskiptanefnd og Nýsköpunarnefnd eftir því sem við á. Afrakstur heimsóknar SHP og Thelmu Kvaran til Winnipeg/Gimli vegna 17. Júní sl er t.d. að árið 2025 verður 150 ára afmæli frá landnámi Íslendinga til Winnipeg. Tímamótunum mun verða ríkulega fagnað og FKA á tækifæri til að undirbúa og taka þátt. Tengiliðum og efnistöðum verður miðlað til nefnda og deilda. – SHP, SJB g. Innra skipulag (stefnumótun og framfylgni laga) – Stefnumótun verður lifandi verkefni í allan vetur. Vinnan hefst á heilum heilastormsdegi þar sem konum er gefið tækifæri að koma með sínar hugmyndir. Sú vinna verður tekin áfram og unnin til samræmis við ný lög og í kjölfarið er vinnustofa í byrjun janúar þar sem nánari útfærsla er gerð á viðkomandi breytingum. Í lok mars yrði „niðurstaðan“ kynnt. Vinnan verður í gangi í allan vetur. Áætlaðar dagsetningar eru 8.okt, 19.jan og 30.mars. Markpóstur verður gerður og FB síða notuð frá fyrri ári sem notuð var til lagabreytinga. – EL, SHP h. FKA viðurkenningarhátíð – 26. Janúar 2023 – ERR, GG i. Sýnileikadagur 2023 – DE, KKH, SJB + nefnd j. Aðalfundur – sameiginlegur viðburður allra stjórnarkvenna k. Samskipti (SHP/AR) - Hlaðvarp - Instagram – (KKH) - FB/LinkedIn (AR) - Tækniráð
	5	Hópefli stjórnar 15.ágúst – mæting kl 16:15 í Borgartún 35.
	6	Önnur mál Women Political Leaders 2022 - SHP er búin að fá boðskort á WPL sem formaður FKA. Ráðstefnan er í Hörpu 8-10. Nóvember. Áhugi er hjá stjórnarkonum að konur í FKA fái tækifæri til að þjónusta á ráðstefnunni gegn því að fá aðgangspassa. SHP athugar hvort það sé í boði eða hvort hægt sé að kaupa sig inn á ráðstefnuna. Sjálfsstæði sjálfsprottinna hópa - SJB kom með ábendingu um að vera með „toolbox“ fyrir hópa innan félagsins. Ákveðið kynningarefni og hvað þú færð út úr félaginu. Fundi slitið kl. 13:21